

Eymd æðri menntunar Svík við lýðræðið

Háskólar voru einu sinni útverðir lýðræðisins. Þeir stuðluðu að frelsi til skoðanaskipta og vísindaiðkunar. En nú er Snorrabúð stekkur. Eymdardýrkun (woke), þ.e. kynþáttahyggja og kvenfrelsun, er nú í fyrirrúmi. Viðurkenndar stofnanir eins og Harvard og Kaliforníu háskólar, velja nemendur eftir mælikvörðum, sem á þessari hugmyndafræði byggja; litarhafti, kynferði og stjórnmalaskoðunum. Hæfileikar, frammistaða og ágæti, skiptir ekki máli. Hugmyndafræðilegt réttlæti (equity – upphaflega úr latínu; aequitatem), ræður för.

Hjálögð grein kanadíska mannfræðingsins, Philip Carl Salzman, fjallar um einmitt þetta. Hann gerir að sérstöku umtalsefni sjálft leiðarstefið; fjölbreytni, réttlæti og innlimun (diversity, equity og inclusion). Orðin eru eins og kvenfrelsun, snotur í sjálfu sér. Fjölbreytni felur þó ekki í sér fjölbreyttar skoðanir eða málfrelsi. Því er reyndar lagt blátt bann við. Til að framfylgja banninu hafa verið ráðnir jafnréttisfulltrúar, sem ósjaldan eru saksóknarar og dómamarar við gervidómstólana, sem settir hafa verið á stofn með hjálp ríkisvaldsins.

Þegar innlimun ber á góma er um að ræða náðarhópa. Eftirtaldir hópar hafa forgang við allar ráðningar við háskólana; konur, litskinnar, samkynhneigðir, tvíkynhneigðir, kynskiptingar, hinsegin, fatlaðir, Múhameðstrúarfólk og stundum fátækir. Þannig lítur réttlætið út.

Hugmyndafræðin kveður einnig á um endurtúlkun sögunnar. Umfram allt skal eyða öllu af spjöldum hennar, þar sem hvítir karlmenn hafa lagt hönd á plóg eða um það bil 99% af menningu Vesturlanda. Fnæst er að arfleifð „dauðra, hvíttra karla.“ Þýska tónskáldið, Ludwig van Beethoven (1770-1827) og enski rithöfundurinn William Shakespeare (1564-1616) hafa verið teknir út af sakramentinu. Verk litaðra lespa skulu koma í staðinn. Síggildar menntir Rómverja og Grikkja hljóta sömu örlög. Andmæli eru talin „hatursorðræða“ og „ofbeldisorðræða.“

Philip spyr: „Hverjum eigum við að þakka þá spillingu að umbreyta æðri menntastofnunum í áróðursmaskínur fyrir öfgakennda hugmyndafræði, lengt til vinstri. Fyrst og fremst ber að þakka kvenfrelsurum.“ Þeir beittu hugmyndum þýska lögfræðingsins, Karl Heinrich Marx (1818-1883) um stéttaásteytingu á samskipti kynjanna og hugmyndum franska spekingsins, Michael Foucault (1926-1984), og hins alsírsk-franska Jacques Derrida (1930-2004), um niðurrif hugtakanna.

„Staðreyndir voru kvenfrelsurum ekki mikilvægar, heldur tilfinningar. Þess vegna staðhæfa þeir að búa yfir eigin sannleika. Tökum sem dæmi djúprætta trú þeirra á hina ímynduðu „nauðgunarmenningu,“ trú, sem eykur samstöðu meðal kvenna með því að benda á sameiginlegan óvin; karla.“ ...

„Vísindi þykja kvenfrelsurum ekki virðingarverð, þar eð þau byggja á staðreyndum og viðurkenna ekki forgang tilfinninga kvenna.“

Kvenfrelsun snýst ekki um jafnrétti, hún snýst um kvenræði. Því eiga karlar að „stíga til hliðar,“ svo konurnar megi njóta sín. Vígórðið er; „fram tíðin er kvenlæg (feminine).“ ... „Takmark kvenfrelsaranna eru kvenlæg yfirráð.“

„Þrátt fyrir að greina megi sviptmót hins frjálsa lýðræðis, eru [norður] Ameríka og Kanada orðin að fámennisstjórn í einsleitri menningu, þar sem skotið hafa rótum stofnanir kynþátta- og kynjahyggju. Vitorðsbandalag ríkisstjórna, menntakerfis, iðnaðar, stéttarféлага og hersins felur í sér sjálfa skilgreiningu fasisma. Enn hefur harðstjórnarfasisminn ekki að fullu komið í ljós, en öfgakennd eymdarhyggja (woke) og aðgerðir á sviði „lýðheilsu,“ benda til, að við séum á þeirri leið. Eins og [þýska skáldið] Heinrich Heine [1797-1856] komst svo spámannlega að orði; „Hvarvetna, þar sem bókabrennur eru haldnar, mun mannverum einnig verða kastað á köstinn.““

https://www.mindingthecampus.org/2021/10/11/how-our-illiberal-universities-betray-liberal-democracy/?utm_source=NAS+Email+General&utm_campaign=59a773ec21-RSS_EMAIL_CAMPAIGN&utm_medium=email&utm_term=0_407924b2a9-59a773ec21-236730470&mc_cid=59a773ec21&mc_eid=3f29f8eb4a